

**Fiskgengd um teljara í Eyrarfossi
í Laxá í Leirársveit 2003**

**The upstream migration of salmon through
the Eyrarfoss fish counter in Laxá í Leirársveit
in 2003**

Ingi Rúnar Jónsson

desember 2003

Inngangur

Árvaka fiskteljari var starfræktur í fiskvegi í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit sumarið 2003 (mynd 1). Teljarinn er starfræktur árlega yfir göngutíma göngufisks og hafa talningar á fiski verið framkvæmdar í Eyrarfossi frá og með árinu 1993 (Sigurður Már Einarsson o.fl. 2001).

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir starfrækslu teljarans sumarið 2003 og birtar helstu niðurstöður talningarinnar, auk skráningar á vatnshita. Veiðibók hefur ekki borist þegar þessi samantekt er gerð og því ekki verið hægt að bera þetta saman við skráningar þar. Við útreikninga á lengd fiskanna voru notaðir sömu stuðlar og notaðir voru vegna úrvinnslu teljaragagna fyrir sumarið 2002 (Ingi Rúnar Jónsson 2003).

Aðferðir

Árvaka fiskteljari var settur niður í fiskvegi í Eyrarfossi 6. júní og tekinn upp 29. september. Stiginn var lokaður fram eftir júnímánuði og ná teljaragögn því frá 25. júní. Teljarinn skráir í minni göngutíma einstakra fiska, auk stærðar þeirra. Einnig er hitamælir hluti af vélbúnaðinum þannig að vatnshiti er skráður reglulega (3 klst fresti) í minni hans.

Rekstur teljarans gekk vel. Teljarinn mælir hæð (þykkt) fiska sem ganga um hann og er lengd hvers fisks umreiknuð út frá hæð hans. Ekki hafði borist veiðibók þegar úrvinnslan var gerð og því var notaður sami hæðar/lengdarstuðull og fyrir gögn ársins 2002, þ.e. 6,0. Við úrvinnslu var miðað við að fiskur innan við 50 cm langur væri silungur, smálax (1 ár í sjó) 50 til 73 cm langur og stærri fiskar væru stórlaxar (2 ár í sjó), en þetta eru sömu mörk og notuð voru 2002.



Mynd 1. Árvaka fiskteljari í fiskvegi í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit. Myndin er tekin í júní 2001.

Figure 1. The Arvaki fish counter, which is situated in the fishway in the waterfall Eyrarfoss in river Laxá í Leirársveit.

Niðurstöður og umræða

Heildarfjöldi skráninga í teljaranum sumarið 2003 var 2167 skráningar, þ.e. 1867 skráningar upp um teljara og 300 skráningar niður um teljara. Fjöldi fiska sem gekk upp um teljara sumarið 2003 var því 1567 fiskar, þegar dregnir hafa verið frá þeim fiskar sem gengu niður um teljara. Gangan skiptist í 1457 smálaxa (93,3%) og 105 stórlaxa (6,7%) (mynd 2, tafla 1), auk 5


silunga. Gangan dreifist yfir langt tímabil, mest frá miðjum júlí og fram undir miðjan september. Sveiflur eru í göngunni á tímabilinu og eru áberandi toppar í henni frá miðjum júlí fram í lok júlí og í september (mynd 2). Athyglisvert er hve mikið af smálaxi er að ganga í september, eða tæplega

fjórðungur göngu smálaxa um teljarann sumarið 2003 (mynd 2, tafla 1). Megin hluti fiskanna sem gengu upp um teljarann voru smálaxar, eða fiskar á bilinu 50 til 70 cm, en stærsti laxinn sem gekk um teljarann mældist um 102 cm að lengd (mynd 3).

Tafla 1. Fjöldi smálaxa og stórlaxa sem gekk upp um teljara í Eyrarfossi í hverjum mánuði sumarið 2003.

Table 1. Number of grilse and salmon migrating up the fish counter in Eyrarfoss during the summer 2003.

Mánuður / Month	Smálax/Grilse		Stórlax/Salmon		Samtals/Total	
	Fjöldi/ Number	Hlutfall/ Percent	Fjöldi/ Number	Hlutfall/ Percent	Fjöldi/ Number	Hlutfall/ Percent
Júní / June	14	1,0%	2	1,9%	16	1,0%
Júlí / July	790	54,2%	82	78,1%	872	55,8%
Ágúst / August	314	21,6%	15	14,3%	329	21,1%
September	339	23,3%	6	5,7%	345	22,1%
Samtals / Total	1457		105		1562	




Mynd 2. Fjöldi fiska sem gekk daglega upp um teljara í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit sumarið 2003, skipt í silung, smálax og stórlax, auk vatnshita.

Figure 2. Daily number of fish migrating through the fish counter in the waterfall Eyrarfoss in river Laxá during the summer 2003 and water temperature. The run is divided in charr/trout, grilse (1 SW) and salmon (2 SW).

Lítið af fiski er að ganga frá miðnætti og fram undir morgun, en þá eykst gangan og nær hámarki um kl. 16 (mynd 4).


Sé skoðuð hlutfallsleg uppsöfnuð ganga laxa upp um teljarann, sést að 50 % af heildargöngu stórlaxa hafði gengið um teljarann 18. júlí, en smálaxinn nær þessu marki um 10 dögum seinna (mynd 5).

Minnsti vatnshiti mældist 2,8°C 25. september og mesti hiti 17,8 °C þann 19. júlí (mynd 1).




Mynd 3. Lengdardreifing fiska sem gengu um teljara í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit sumarið 2003.

Figure 3. Length distribution of the fish migrating up the fish counter in Eyrarfoss in river Laxá in 2003



Mynd 4. Fjöldi fiska sem gekk um teljara í fiskvegi í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit sumarið 2003, skipt eftir tímum sólarhrings (klst).

Figure 4. Number of fish migrating through the fish counter in the fishway in Eyrarfoss during the summer 2003, divided by time of day.



Mynd 5. Uppsafnað hlutfall göngu smálaxa og stórlaxa um teljara í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit sumarið 2003.

Figure 5. Cumulative percentage of the grilse and salmon migrating up through the fish counter in Eyrarfoss in 2003.

Abstract

Arvaki fish counter was operated in the fishway in the waterfall Eyrarfoss in river Laxá í Leirársveit in the summer 2003 (figure 1). The fish counter was in operation from June 6 until September 29.

The netto number of fish migrating upward through the counter was 1567 fishes, which consisted of 1457 grilse (1 SW), 105 salmon (2 SW) and 5 trout/charr (figure 2, table 1). The maximum number of fish migrating in one day occurred after the middle of July (figure 2).

Most of the fish were estimated to be between 50 and 70 cm in length (figure 3) and greater number of fish were migrating upward during the day, than during the night (figure 4). The largest size of salmon that migrated through the counter was about 102 cm in length. The water temperature is measured by the counter every three hour. The temperature ranged from 2.8 °C to 17.8 °C (figure 2).

Þakkarorð

Ragnhildur Magnúsdóttir aðstoðaði við vinnu við teljara á vettvangi.

Heimildir

Sigurður Már Einarsson, Friðþjófur Árnason og Ingi Rúnar Jónsson. 2001. Rannsóknir á laxfiskum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit árið 2000. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-V/01005. 18 bls.
Ingi Rúnar Jónsson. 2003. Fiskgengd um teljara í Eyrarfossi í Laxá í Leirársveit 2002 - The upstream migration of salmon through the Eyrarfoss fish counter in Laxá í Leirársveit in 2002. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-R/0316. 4 bls.